

22. stjórnarfundur Fimleikasambands Íslands haldinn þriðjudaginn 5. Febrúar kl. 17:00 á skrifstofu FSÍ, Engjavegi 6.

Mættir: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður, Arnar Ólafsson varaformaður, Einar Ólafsson ritari (fór af fundi 18:50) og Jósep Húnfjörð meðstjórnandi. Auk þess sat fundinn eftirtalinn áheyrnarfulltrúar, Íris Svavarsdóttir formaður tækninefndar í hópfimleikum, Hlíf Þorgeirsdóttir, formaður nefndar um fimleika fyrir alla, Halla Kari Hjaltsted frá tækninefndar kvenna. Jafnframt sat fundinn Helgi Jóhannesson framkvæmdarstjóri FSÍ og Sólveig Jónsdóttir sviðsstjóri landsliðsmála.

Friðbjörn Möller gjaldkeri og Guðjón Guðmundsson, formaður tækninefndar karla boðuðu forföll.

Formaður setur fundinn kl. 17.04.

Dagskrá

Til samþykktar

1. Evrópumótið í Hópfimleikum 2014 á Íslandi

Fimleikasambandið sendi inn umsókn til framkvæmdastjórnar UEG, fimmtudaginn 17.janúar 2013, um að halda Evrópumót í hópfimleikum 2014. Á fundi framkvæmdastjórnar UEG 19-20.janúar síðastliðinn var umsókn FSÍ um að halda Evrópumótið samþykkt og staðfesting frá skrifstofu UEG barst FSÍ mánudaginn 21.janúar. Fyrir liggja samningsdrög sem UEG hefur sent FSÍ fyrir þetta mót.

Málið rætt

Stjórn fimleikasambandsins fagnar niðurstöðu framkvæmdastjórnar UEG, sem sýnir hversu góðar undirstöður fimleikahreyfingin hefur hér á landi. Skipaður verður undirbúningshópur í hópnum verða Þorgerður L Diðriksdóttir formaður FSÍ, Arnar Ólafsson varaformaður FSÍ og Sólveig Jónsdóttir sem hefur það hlutverk að vinna áfram að undirbúning keppninnar hér á landi, þar til að faghópur og framkvæmdarhópur verður skipaður.

Hlíf Þorgeirsdóttir formaður FFA óskar bókað: FFA vill óska Fimleikasambandinu innilega til hamingju með að fá að halda Evrópumeistaramót í hópfimleikum 2014. Greinilegt er að vinna stjórnar og framkvæmdastjóra er að skila miklum árangri sem kemur til með að efla fimleikahreyfinguna á Íslandi. Það er mikil vinna framundan og FFA nefndin er tilbúin að vera ykkur innan handar.

2. Tímasetning á þingi FSÍ

Samkvæmt 6 gr. laga FSÍ þá skal halda Fimleikaping fyrir lok maí ár hvert. Stjórn FSÍ ákveður þingstað og skal boða bréflaga til þingsins með minnst átta vikur fyrirvara. Heimilt er að senda boðunarbréf með tölvupósti. Stjórn fimleikasambandsins leggur til að Fimleikaping verður haldið laugardaginn 4.maí næstkomandi.

Málið rætt

Samþykkt að Fimleikaping verði haldið 4. Maí 2013. Framkvæmdastjóra er falið að undirbúa Fimleikaping, útvega þingsstað og senda öllum aðildarfélögum tilkynningu þess efni.

3. Samþykkt fyrir samráðsnefnd dómara FSÍ, niðurstaða úr vinnuhóp

Á 18.fundi stjórnar FSÍ var erindisbréf, fyrir starfshóp um endurskoðun á dómarafyrirkomulagi FSÍ, samþykkt. Fulltrúar stjórnar FSÍ og tækninefnda í starfshópnum voru Jósep Húnfjörð formaður starfshópsins, Guðjón Guðmundsson, Sigurður H. Pétursson, Hlín Bjarnadóttir, Sandra Matthíasdóttir, Auður Inga Þorsteinsdóttir og Írís Svavarsdóttir. Framkvæmdastjóri FSÍ var starfsmaður starfshópsins. Starfstími vinnuhópsins var desember 2012 til janúar 2013. Fyrir liggur niðurstaða vinnuhópsins sem felst í meðfylgjandi samþykkt fyrir samráðsnefnd dómara FSÍ.

Málið rætt

Stjórn fimleikasambandsins samþykkir fyrirbyggjandi samþykkt fyrir samráðsnefnd dómara FSÍ. Framkvæmdastjóra er falið að senda samþykktina til tækninefnda og óska eftir aðal og vara fulltrúa í nefndina.

4. Erindi frá FFA; Þátttaka 50+ í fimleikum

Á ársþingi FSÍ árið 2010 var samþykkt að skipa í 3ja manna undirbúningsnefnd í fimleikum fyrir alla, sem fengi það verkefni að stuðla að meiri þátttöku 50+ í fimleikum. Margir hópar 50+ æfa fimleika/leikfimi víðs vegar um landið en eru ekki hluti af FSÍ. Nefnd um fimleika fyrir alla leggur til að stofnaður verði starfshópur sem hefur það hlutverk að

- hvetja fimleikafélög hvar sem þau eru á landinu til að virkja hópa 50+ sem starfa á þeirra svæði til að gerast félagar í fimleikafélagunum eða stofna sjálfstæð félög.
- skoða inngöngu nýrra iðkenda í FSÍ með t.d styrktarframlagi með einum eða öðrum hætti.
- Velta fyrir sér hvað það sé sem FSÍ geti boðið þessum aldurshóp og hver verkefnin gætu verið. (Kóreografríunámskeið, námskeið fyrir þjálfara /iðkendur, Golden Age, Fimleikalíf, Gymnaestrada og Landsmót 50+, ráðstefna og fl.
- Skoða hvernig hægt er að virkja þann mikla fjölda iðkenda sem innan tíðar (10-20 ár) verður á þessum aldri, fólk með mikla þekkingu og reynslu.

Málið rætt

Stjórn FSÍ samþykkir tillögu FFA. Nefnd um fimleika fyrir alla er falið að tilnefna einstaklinga í starfshópinn, formaður FFA er formaður starfshópsins. Framkvæmdastjóra er falið að útbúa erindisbréf og senda á fulltrúa í starfshópi um þátttöku 50+ í fimleikum.

5. Erindi frá FFA; Kynningarfundur vegna Eurogym 2014

Á 21.fundi stjórnar FSÍ var kynnt bréf frá UEG varðandi kynningarfund um Eurogym 2014 sem haldinn verður í Helsingborg, Svíþjóð, 28.júní næstkomandi. FFA telur nauðsynlegt að sendur verði fulltrúi frá Íslandi á fundinn til að safna upplýsingum um viðburðinn og geta þannig veitt upplýsingar, staðið fyrir kynningu og hvatt félög til þátttöku. FFA óskar því eftir því að fá að senda Sæunni Viggósdóttur á ofangreindan fund.

Málið rætt

Stjórn felst á framkomna tillögu um að Sæunn Viggósdóttur frá FFA, fari á kynningarfund fyrir Eurogym 2014, fyrir hönd FSÍ.

6. Erindi frá FFA; Framboð Hlíf Þorgeirsdóttur til áframhaldandi setu í UEG-TC-GFA.

Á 21.fundi stjórnar FSÍ, kynnti Hlíf Þorgeirsdóttir skýrslu sína um setu í GFA nefnd hjá UEG. Í bókun stjórnar segir að „Stjórn FSÍ er ákaflega stolt af vinnu sem Hlíf Þorgeirsdóttir hefur unnið í tækninefnd GFA hjá UEG“. FFA leggur til við stjórn FSÍ, að veita Híf Þorgeirsdóttur stuðning við framboð hennar til áframhaldandi setu í UEG-TC-GFA.

Hlíf Þorgeirsdóttir vikur af fundi.

Málið rætt

Stjórn fimleikasambandsins lýsir yfir stuðningi sínum við framboð Hlíf Þorgeirsdóttur til áframhaldandi setu í GFA-TC hjá UEG. Leitast verður að kanna möguleika á styrkjum til að mæta þeim kostnaði sem af þessu hlýst.

Hlíf Þorgeirsdóttir kemur aftur inn á fundinn.

7. EM 2012 í áhaldafimleikum, tillaga frá sviðsstjóra varðandi þjálfara, dómara og fararstjóra.

Evrópumeistaramót í áhaldafimleikum fer fram í Moskvu, 17-21.apríl næstkomandi.

Fimleikasambandið hefur nú þegar skráð til leiks 4 konur og 2 karla. Miðað við þann fjölda, þá er okkur uppálagt að skila inn 2 dómurum kvennamegin og 1 karlamegin. Hópunum fylgja svo 2 þjálfarar og 1 fararstjóri.

Sviðsstjóri landsliðsmála hefur í samráði við tækninefndir lagt inn fyrirspurn til 3 dómara, um hvort þeir gefi kost á sér í verkefnið. Þeir eru eftirfarandi: Berglind Pétursdóttir – WAG, Hlín Bjarnadóttir – WAG og Björn Magnús Tómasson – MAG. Allir þrír hafa gengist undir alþjóðlegt dómaraþróf á síðustu misserum og eru með gild réttindi til að dæma stórmót í þessum gæðaflokki.

Sviðsstjóri leggur til að þjálfarar á mótinu verða Guðmundur Þór Brynjólfsson – WAG og Gennadiy Zadoroznyh – MAG. Sviðsstjóri leggur til að Sandra Dögg Árnadóttir verði fararstjóri í ferðinni.

Málið rætt

Stjórn fimleikasambandsins samþykkir tillögu sviðsstjóra landsliðsmála og felur henni og framkvæmdastjóra að klára málið.

Einar Ólafsson fer af fundi.

Til kynningar

1. Úthlutun úr afrekssjóði ÍSÍ og styrktarsjóði ungra og framúrskarandi efnilegar íþróttamanna fyrir árið 2013.

-fyrir liggur tilkynning frá Afrekssjóði ÍSÍ og styrktarsjóði ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna um úthlutanir úr sjóðunum fyrir árið 2013. Einnig liggur fyrir bréf frá stjórn afrekssjóðs um breyttar áherslur við úthlutanir á afrekstyrkjum.

Bókun:

Stjórn Fimleikasambands Íslands harmar að úthlutun úr afrekssjóði ÍSÍ komi hvergi nærri nægjanlega til móts við þann kostnað sem sambandið þarf að standa straum vegna landsliðs

Íslands í fimleikum. Úthlutunin nær alls ekki utan um þann kostnað sem landsliðsfólk í fimleikum leggur til vegna þátttöku sinnar á alþjóðlegum mótum fyrir Íslands hönd. Samkvæmt úthlutun fyrir árið 2013 blasir við að sú fjárhæð sem úthlutað er til verkefna FSÍ er 20% minna en fyrir árið 2012, það er mjög miður. Með þessari úthlutun er ljóst að fjármögnun verkefna sambandsins á árinu 2013 verður erfiðari en áætlanir gerðu ráð fyrir. Stjórn FSÍ fagnar hins vegar þeim breyttu áherslum sem fram komu í bréfi frá stjórn afrekssjóðs, að meira fjármagni verði veitt í verkefni sem sérsambönd standa að, í stað þess að fjármagni sé úthlutað til einstaklinga. Stjórn FSÍ fagnar því aukinheldur að veita skuli fjármagni til eflingar þjónustu fagteymis, sem og fræðslu fyrir íþróttamenn sérsambanda.

2. Bréf frá ÍSÍ varðandi skiptingu ríkisstyrks

-fyrir liggur bréf frá ÍSÍ varðandi úthlutun ríkisstyrks til sérsambanda ÍSÍ 2013.

Bókun:

Stjórn fimleikasambands Íslands átelur að FSÍ fái ekki úthlutað í samræmi við stærð sambandsins og góða stöðu fimleika sem vaxandi íþróttagreinar. Fimleikasamband Íslands er fjórða stærsta sambandið innan ÍSÍ en í nýlegri skiptingu ríkisstyrks kemur fram að þrjú smærri sambönd fá hærri ríkisstyrk en FSÍ. Sú skipting er ekki sanngjörn miðað við stærð FSÍ, sífellda fjölgun iðkenda og þau öflugum verkefni sem sambandið sinnir til heilla fyrir íþróttaiðkun á Íslandi..

Bréf til FSÍ

1. Bréf frá ÍSÍ varðandi fulltrúafjölda á íþróttapingi ÍSÍ

Fundi slitið kl.19:15.